

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Deiliskipulag frístundabyggðar við Varmahlíð.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 17. fundi sínum 13. september 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Varmahlíð, með minniháttar lagfæringum, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 27,8 ha og liggur milli Víðimýrarár og Reykjarhóls. Í tillögunni er gert ráð fyrir 26 nýjum frístundalóðum og settir fram byggingarskilmálar fyrir núverandi og nýjar lóðir ásamt aðkomu að lóðunum. Í aðalskipulagi Skagafjarðar 2022-2035 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag – Ljónsstaðir, landskiki úr landi Dúks.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 17. fundi sínum 13. september 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Ljónsstaði, með minniháttar lagfæringum, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 5 ha að stærð í landi Ljónsstaða, landnúmer L230903. Í skipulaginu eru skilgreindar veltengingar og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, skemmu og tvö frístundahús. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Freyjugötu 25 á Sauðárkróki – Ránarstígur 3-7.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 17. fundi sínum 13. september 2023 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Freyjugötu 25 á Sauðárkróki. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit á lóðinni Ránarstíg 3-7 þar sem húshlutar á austur- og vesturhlíð fara samtals 3,97 m² út fyrir byggingarreit. Með breytingunni verður minnsta fjarlægð húss frá lóðarmörkum um 1,71 m en fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum er 3 m skv. gildandi deiliskipulagi. Engar athugasemdir bárust í grenndarkynningu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar – Eyrarvegur 20.

Byggðarráð Skagafjarðar, í umboði sveitarstjórnar, samþykkti á 57. fundi sínum 31. júlí 2023 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar. Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóð Eyrarvegur 20 er stækkaður um 80 m² að vestanverðu. Engar athugasemdir bárust í grenndarkynningu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 6. október 2023.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. október 2023